# MASKÍNA
# GRUNNSKÓLAR OG FRAMHALDSSKÓLAR

OKTÓBER – NÓVEMBER 2015

**maskína** laugavegi 25
101 reykjavík
maskina@maskina.is
www.maskina.is

# EFNISYFIRLIT


AÐFERÐ — BLS. 3

ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

| | Bls. |
|---|---|
| SP1: GRUNNSKÓLAR | 4 |
| SP2: FRAMHALDSSKÓLAR | 7 |

## MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu.

Könnunin var lögð fyrir **Þjóðgátt Maskínu** á netinu og fór fram dagana **23. október til 3. nóvember 2015**. Íslendingar af báðum kynjum á aldrinum 18-75 ára af öllu landinu tóku þátt. Svarendur voru **802** og voru gögnin vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu í samræmi við upplýsingar úr Þjóðskrá. Þetta er gert svo svörin endurspegli sem best afstöðu þjóðarinnar.

Reykjavík, 9. nóvember 2015.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Þorlákur Karlsson

Helga Lára Haarde

## STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávikið er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Kí-kvaðrat próf er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.

ANOVA er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur verið nefnt dreifigreining á íslensku. ANOVA metur það hvort marktækur munur er á meðalgildum svara við spurningu á samfelldum kvarða.

## Sp.1. Hversu vel eða illa telur þú að grunnskólar á Íslandi standi sig í samanburði við nágrannalönd?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög vel (5) | 33 | 4,3 |
| Fremur vel (4) | 172 | 22,8 |
| Í meðallagi (3) | 335 | 44,5 |
| Fremur illa (2) | 176 | 23,4 |
| Mjög illa (1) | 38 | 5,0 |
| Gild svör | 754 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 754 | 94,0 |
| Svöruðu ekki | 48 | 6,0 |
| Heildarfjöldi | 802 | 100,0 |







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 2,98 |
| Staðalfrávik | 0,91 |

Rösklega 27% telja að grunnskólar á Íslandi standi sig vel í samanburði við nágrannalönd en örlítið stærri hópur (28,3%) telur hins vegar að þeir standi sig illa. Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög vel“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög illa“ fær gildið 1. Meðaltalið er 2,98 sem þýðir að svarendur segja að grunnskólar á Íslandi standi sig í meðallagi vel eða illa í samanburði við nágrannalönd.

Svarendur sem eru yngri en 25 ára telja mun síður en þeir sem eldri eru að grunnskólarnir standi sig vel í samanburðinum, þeir sem eru einhleypir telja einnig síður en aðrir að grunnskólarnir standi sig vel. Þegar svör eru skoðuð eftir stjórnmálaskoðunum má sjá að kjósendur Vinstri grænna og Framsóknarflokksins telja fremur en kjósendur annarra flokka að grunnskólar á Íslandi standi sig í samanburði við nágrannalönd.

## Sp.1. Hversu vel eða illa telur þú að grunnskólar á Íslandi standi sig í samanburði við nágrannalönd?

| | Gild svör | Vel | Í meðallagi | Illa | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | |
| Allir | 754 | 27,2 | 44,5 | 28,3 | 2,98 |
| **Kyn** | | | | | |
| Karl | 373 | 25,4 | 46,2 | 28,4 | 2,97 |
| Kona | 381 | 28,8 | 42,9 | 28,3 | 3,00 |
| **Aldur*** | | | | | |
| Yngri en 25 ára | 93 | 15,9 | 34,5 | 49,6 | 2,54 |
| 25-34 ára | 137 | 20,5 | 45,4 | 34,1 | 2,83 |
| 35-44 ára | 131 | 31,3 | 48,8 | 19,9 | 3,15 |
| 45-54 ára | 133 | 24,4 | 50,0 | 25,6 | 3,00 |
| 55 ára og eldri | 261 | 34,0 | 42,7 | 23,4 | 3,13 |
| **Búseta** | | | | | |
| Reykjavík | 280 | 22,4 | 45,4 | 32,2 | 2,87 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 209 | 30,3 | 41,3 | 28,3 | 3,02 |
| Suðurland og Reykjanes | 87 | 24,4 | 51,6 | 23,9 | 3,04 |
| Vesturland og Vestfirðir | 53 | 32,0 | 40,5 | 27,5 | 3,09 |
| Norðurland | 95 | 31,8 | 43,7 | 24,5 | 3,06 |
| Austurland | 30 | 33,5 | 47,0 | 19,5 | 3,16 |
| **Fjölskyldutekjur** | | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 171 | 25,1 | 35,1 | 39,8 | 2,83 |
| 400-549 þúsund | 121 | 32,7 | 40,2 | 27,1 | 3,05 |
| 550-799 þúsund | 146 | 25,7 | 47,5 | 26,7 | 2,96 |
| 800 þúsund eða hærri | 203 | 28,2 | 45,4 | 26,4 | 3,04 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p< 0,05).

## Sp.1. Hversu vel eða illa telur þú að grunnskólar á Íslandi standi sig í samanburði við nágrannalönd?

| | Gild svör | Vel | Í meðallagi | Illa |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % |
| Allir | 754 | 27,2 | 44,5 | 28,3 |
| **Menntun** | | | | |
| Grunnskólapróf | 139 | 29,4 | 41,2 | 29,3 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 271 | 25,5 | 40,9 | 33,6 |
| Háskólapróf | 323 | 27,5 | 47,8 | 24,6 |
| **Hjúskaparstaða*** | | | | |
| Gift(ur)/Kvænt(ur)/Í sambúð | 566 | 30,6 | 43,3 | 26,1 |
| Einhleyp(ur) | 130 | 14,3 | 46,7 | 39,0 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 46 | 23,6 | 46,1 | 30,4 |
| **Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*** | | | | |
| Bjarta framtíð | 19 | 24,8 | 40,0 | 35,3 |
| Framsóknarflokkinn | 60 | 43,0 | 34,4 | 22,6 |
| Pírata | 172 | 18,7 | 44,4 | 36,9 |
| Samfylkinguna | 40 | 39,8 | 36,8 | 23,4 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 132 | 23,6 | 52,0 | 24,4 |
| Vinstrihreyfingin - grænt framboð | 66 | 33,4 | 47,4 | 19,2 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

## Sp. 2. Hversu vel eða illa telur þú að framhaldsskólar á Íslandi standi sig í samanburði við nágrannalönd?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög vel (5) | 30 | 4,0 |
| Fremur vel (4) | 220 | 29,0 |
| Í meðallagi (3) | 331 | 43,8 |
| Fremur illa (2) | 152 | 20,1 |
| Mjög illa (1) | 24 | 3,1 |
| Gild svör | 758 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 758 | 94,4 |
| Svöruðu ekki | 45 | 5,6 |
| Heildarfjöldi | 802 | 100,0 |







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 3,11 |
| Staðalfrávik | 0,88 |

Einn af hverjum þremur telur að framhaldsskólar á Íslandi standi sig vel í samanburði við nágrannalönd en rösklega 23% telja að þeir standi sig illa. Meðaltalið er 3,11 sem þýðir að svarendur segja að meðaltali að framhaldsskólar standi sig í meðallagi vel eða ílla í samanburði við nágrannalönd.

Elstu svarendurnir telja fremur en þeir sem yngri eru að framhaldsskólarnir standi sig vel í samanburði en lægsta meðaltalið er í aldurshópnum 25-34 ára. Kjósendur Framsóknarflokksins og Vinstri grænna telja fremur en kjósendur annarra flokka að framhaldsskólar á Íslandi standi sig vel í samanburði við nágrannalönd. Þá eru þeir sem telja grunnskóla á Íslandi standa sig vel mun líklegri en aðrir til að telja einnig að framhaldsskólar á Íslandi sig vel í samanburði við nágrannalönd.

## Sp. 2. Hversu vel eða illa telur þú að framhaldsskólar á Íslandi standi sig í samanburði við nágrannalönd?

| | Gild svör | Vel | Í meðallagi | Illa |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % |
| **Allir** | 758 | 33,0 | 43,8 | 23,3 |
| **Kyn** | | | | |
| Karl | 375 | 33,0 | 44,0 | 23,0 |
| Kona | 383 | 33,0 | 43,5 | 23,5 |
| **Aldur*** | | | | |
| Yngri en 25 ára | 93 | 32,7 | 36,4 | 30,9 |
| 25-34 ára | 138 | 24,7 | 43,0 | 32,3 |
| 35-44 ára | 131 | 31,3 | 48,4 | 20,3 |
| 45-54 ára | 134 | 32,7 | 48,6 | 18,7 |
| 55 ára og eldri | 262 | 38,5 | 41,9 | 19,6 |
| **Búseta** | | | | |
| Reykjavík | 280 | 28,4 | 43,9 | 27,7 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 210 | 34,6 | 43,0 | 22,4 |
| Suðurland og Reykjanes | 89 | 27,8 | 54,1 | 18,1 |
| Vesturland og Vestfirðir | 53 | 30,6 | 47,8 | 21,5 |
| Norðurland | 96 | 44,1 | 33,8 | 22,0 |
| Austurland | 30 | 48,4 | 41,8 | 9,7 |
| **Fjölskyldutekjur** | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 172 | 38,5 | 31,3 | 30,2 |
| 400-549 þúsund | 121 | 34,1 | 47,1 | 18,8 |
| 550-799 þúsund | 148 | 27,4 | 49,7 | 22,9 |
| 800 þúsund eða hærri | 204 | 31,2 | 45,5 | 23,3 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p< 0,05).

## Sp. 2. Hversu vel eða illa telur þú að framhaldsskólar á Íslandi standi sig í samanburði við nágrannalönd?

| | Gild svör | Vel | Í meðallagi | Illa |
|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % |
| Allir | 758 | 33,0 | 43,8 | 23,3 |
| **Menntun** | | | | |
| Grunnskólapróf | 138 | 34,6 | 38,4 | 27,0 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 277 | 31,5 | 45,4 | 23,2 |
| Háskólapróf | 323 | 33,8 | 43,9 | 22,3 |
| **Hjúskaparstaða** | | | | |
| Gift(ur)/Kvænt(ur)/Í sambúð | 572 | 34,5 | 42,6 | 23,0 |
| Einhleyp(ur) | 129 | 27,4 | 44,7 | 28,0 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 46 | 34,3 | 49,2 | 16,5 |
| **Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*** | | | | |
| Bjarta framtíð | 19 | 27,9 | 60,2 | 11,8 |
| Framsóknarflokkinn | 60 | 45,1 | 43,4 | 11,5 |
| Pírata | 174 | 26,2 | 39,1 | 34,8 |
| Samfylkinguna | 40 | 31,5 | 63,8 | 4,7 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 133 | 29,3 | 45,0 | 25,7 |
| Vinstrihreyfingin - grænt framboð | 66 | 46,3 | 34,8 | 18,9 |
| **Hversu vel eða illa telur þú að grunnskólar á Íslandi standi sig í samanburði við nágrannalönd?*** | | | | |
| Vel | 205 | 82,3 | 15,6 | 2,2 |
| Í meðallagi | 333 | 19,8 | 67,8 | 12,3 |
| Illa | 214 | 6,9 | 33,4 | 59,6 |




*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).